

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015, frístundabyggð í landi Ásgarðs og Búrfells.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin varðar breytta landnotkun á tveimur stöðum í landi Ásgarðs þar sem útvistarsvæði og landbúnaðarsvæði breytist í „hugsanlegt sumarbústaðasvæði“ og einnig syðst í landi Búrfells þar sem spilda af landbúnaðarlandi breytist í „hugsanlegt sumarbústaðasvæði“.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Seljalandssvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 frá 31. október 1990.

Breytingin varðar eftirfarandi:

Afmarkað er svæði fyrir snjóflóðavarnarvirki: leiðigarð, keilur og farvegi.

Vegur upp á skíðasvæðið á Seljalandsdal breytir um legu og nær lengra inn á svæðið.

Fyrirhuguð íbúðarbyggð og opinberar stofnanir milli Tunguár og Úlfsár eru felldar út og í staðinn kemur útvistarsvæði (opið svæði til sérstakra nota).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.